

7. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 20. október 2021, kl. 20:30

Mættir eru: Geir Finnsson (GF), Viktor Ingi Lorange (VIL), Sara Þöll Finnbogadóttir (SPF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Una Hildardóttir (UH), Sylvía Martinsdóttir (SM)
Frá skrifstofu: Tinna Isebarn (TI) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur: 20:34

Dagskrá:

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. Fundargerð 6. stjórnarfundar er samþykkt.
- 1.2. Fundargerð 2. Leiðtoga ráðs fundar er samþykkt.

2. Upplýsingar frá skrifstofu:

- 2.1. Starfsáætlun stjórnarársins hefur verið uppfærð.
- 2.2. Vinnuáætlun skrifstofu hefur verið uppfærð.
 - 2.2.1. TI tilkynnir Vilyrði hefur fengist frá Æskulýðssjóði til þess að halda stjórnsmálaskóla LUF á næsta ári.

SM mætir á fund.

UH vikur af fundi og GF tekur við fundarstjórn.

3. Starfsmannamál:

- 3.1. Tillaga frá skrifstofu: Í ljósi þess að skrifstofan missti frá sér verkefnastjóra vegna veikinda á ögurstundu, að það styttist í að TI fari í fæðingarorlof, að félagið er að glíma við verulegan verkefnahalla í kjölfar Covid-19 og að ráðningarmál í gegnum vinnuáætlun hafa ekki gengið eftir, óskar skrifstofa eftir vilyrði stjórnar fyrir því neyðarúrræði að forseti félagsins gangi inn í tilfallandi verkefni til bráðabirgða.
 - 3.1.1. Fram fara umræður áður en tillagan er samþykkt. Litið er til þess að stjórnarárið er á enda og að ekkert rými sé til staðar að þjálfa nýjan starfsmann í þessum óvenjulegu og krefjandi aðstæðum. Stjórn ákveður jafnframt að (1) veita framkvæmdastjóra heimild til þess að semja og að (2) staða verkefnastjóra LUF verði auglýst laus í lok árs.

UH tekur aftur við fundarstjórn.

4. Samstarf við félagsmálaráðuneytið

- 4.1. Fundur um áframhaldandi samstarf í dag.
- 4.2. [Ósk um tilnefningu](#) í starfshóp um innleiðingu samþættingar þjónustu í þágu velferðar barna.
 - 4.2.1. Óskað eftir tilnefningu tveggja, kk. og kvk. eða hlutlausir.
 - 4.2.1.1. Tillaga: LUF tilnefnir GF og TI til vara. Samþykkt.

5. Rsk-málið til upplýsinga:

- 5.1. Kæra LUF til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis vegna nafnabreytingar í vinnslu í ráðuneytinu.
- 5.2. Beðið er ákvörðunar Umboðsmanns Alþingis um framhald kvörtunar LUF. SHB hafði samband og var tjáð að málið væri í vinnslu.

6. **Alþjóðamál:**

- 6.1. EU Youth Conference 26. - 29. september 2021. SHB fékk boð í gegnum æskulýðsráð.
 - 6.1.1. SHB sótti þingið..
- 6.2. Sambandsþing European Youth Forum 19. - 20. nóv 2021. Þingið verður á hybrid formi. SÞF mætir.
- 6.3. Ungdomens Nordiska Råds session 2021 29. - 31. október í Köben. Þemað er „50 ár av nordisk ungdomspolitik”. SÞF mætir.
- 6.4. Undirbúningsfundur Nordic Baltic fyrir [Stockholm 50](#), 27. október kl. 14:00 UH og SÞF fara
- 6.5. NUBF:
 - 6.5.1. NUBF Youth Training 1. - 3. október 2021
 - 6.5.2. NUBF sjóður Samstarf um SÞ sendinefnd samþykkt
 - 6.5.3. Auglýsa umsóknarfrest.
- 6.6. Participation project with youth in Prague. SÞF áframsendi póst á stjórn. Virðist henta fremur SAMFÉS/UU. Sendum viðeigandi upplýsingar.

7. **Leiðtogaskólinn:** Er nú um hálfnaður og hefur gengið virkilega vel.

- 7.1. Húsnæði seinni helgina 23.-24. október: Í ljós hefur komið að HH hefur tvíbokað húsið. Ákveðið er að finna annað húsnæði.
- 7.2. [Málþing](#) um innleiðingu heimsmarkmiðanna í ungmennastarf
- 7.3. Starfskraftar. Ti greinir frá því að Kristjana í stjórn skólans var ráðin til að hafa umsjón með skólanum.

8. **3. Leiðtogaráðsfundur:**

- 8.1. Tillaga að dagsetningu: miðvikudagin 24. nóvember er samþykkt.
- 8.2. Kosning ungmennafulltrúa: Ákveðið er að kosið verði um svið sjálfbærrar þróunar.

9. **#Égkys:** Rætt var um framtíð verkefnisins. Ákveðið var að fresta ákvörðun.

10. **Næsti stjórnarfundur:** 3. nóvember er samþykkt.

11. **Önnur mál:** Vakin er athygli á erindi frá Fotios Kotzakioulafis. UH falið að svara.

Fundi slitið kl. 22:40

SHB ritaði fundargerð